

Anna Kristín Kristjánsdóttir sem Kerling tvö með eina sálina í höndunum.

Hugleikur

Látum áhugablæinn njóta sín

Áhugaleikhúsið Hugleikur frumsýnir Sálir Jónanna

Áhugaleikfélagið Hugleikur frumsýndi í gær nýtt íslenskt leikrit, Sálir Jónanna, á Galdraloftinu, Hafnarstræti 9, og er þetta þriðja verkefni hópsins. Leikstjóri er Bjarni Ingvarsson.

Hugleikur vakti athygli í vetur með *Skugga-Björgu,* sem var ný leikgerð af *Skugga-Sveini* Matthíasar, og Þjóðviljinn spurði Ingibjörgu Hjartardóttur, einn þriggja höfunda, hvort hér væri á sama hátt ný leikgerð af *Gullna hliðinu* – en svo er ekki. Þær Ingibjörg, Sigrún Óskarsdóttir og Unnur Guttormsdóttir byggja þó á sömu þjóðsögunni og Davíð Stefánsson, sögunni um sálina hans Jóns míns, en nú eru Jónarnir orðnir fjórir, og fjórfjöld ferð með sálirnar til fyrirheitna landsins. Leikurinn gerist í íslenskri fortíð „en við og við detta þó dropar úr nútímanum niðrí leikinn" segir Ingibjörg: „Og þetta er harmleikur, það kemst ekki nema ein sál á réttan leiðarenda".

Leikarar í *Sálunum* eru 16, og hópurinn sem stendur að Hugleik eru á öllum aldri, úr öllum stéttum, reyndar óvenju mikið af eldra fólki miðað við önnur áhugaleikhús, „þannig að við þurfum ekki að leika uppfyrir okkur". En hvernig gengur áhugamönnum í miðbæ Reykjavíkur þar sem atvinnumenn ráða ríkjum í gamalgrónum leikhúsum og ýmsum hliðarhópum?

– Við erum að gera tilraun, segir Ingibjörg, – við vitum að ef áhugaleikhús á að geta unnið sér sess innanum atvinnumennina verður það að vera öðruvísi, – vera áhugaleikhús þarsem áhugablærinn er látinn njóta sín, ferskleikinn og leikgleðin, – og það verður að bjóða fram annað efni en atvinnuleikhúsin. Þetta er sérstaða okkar hér í bænum miðað við hópa á landsbyggðinni, okkur dettur ekki í hug að setja upp verk sem við vitum að atvinnuleikhúsin geta gert miklu betur.

– Þessi tilraun hefur hingað til gengið vel, – við sýndum Skugga-Björgu tíu sinnum í vetur, en við erum ekki síður að þessu okkar sjálfra vegna, til þess að hafa þennan vettvang: virkja leikáhugann ekki bara sem njótendur heldur líka sem þátttakendur.

–m

Í fótspor Monets

Nína Gautadóttir á gangi Kjarvalsstaða



Nína Gautadóttir sýnir um þessar mundir rúmlega 40 málverk á eystri gangi Kjarvalsstaða. Þetta er að ég held fyrsta málverkasýning Nínu hér á landi, en hún hefur oft sýnt vefnaðarmyndir og er þekkt fyrir volduga hnýtingu og grófgerða áferð í teppum sínum.

Hvað það er sem fær Nínu til að söðla um og taka upp pensil og liti er mér ekki fullkunnugt, en vera má að dvöl hennar í Mið-Afríku, fyrst Niger og síðan Kamerún, eigi einhvern þátt í kúvendingunni. Víst er að teppi Nínu voru yfirleitt laus við litaspil, en málverk hennar nú eru dæmigerðar litasinfóníur í ljóðrænum abstraktstíl.

Tengslin við vefmyndirnar eru samt sem áður áberandi. Nína vefur bókstaflega litinn á strigann og smyr þykkt blæbrigðaríkum litasamsetningum á flötinn af miklu öryggi og hrífandi krafti. Hver litur er lagður yfir annan og kroppar Nína gjarnan í yfirborðið til að draga fram undirtóna og enn flóknari litbrigði. Útkoman er stundum impressionísk, en stundum expressionísk, allt eftir því hver heildaráhrifin verða og litaval.

Nína samsamar sig að náttúrunni, enda heita flestar myndirnar í höfuðið á skepnum þeim sem ráða ríkjum. Í sumum myndunum virðist fyrirmyndin vera íslensk náttúra, en í öðrum eru áhrif Afríku sterkari. Þá er hinn



impressioníski þáttur ótvíræður í fjölmörgum myndum sem gerðar eru í anda Monets, einkum vatnaliljumynda hans. Þessar myndir eru eins konar virðingarvottur (hommage) og draga mjög dám af hinum risastóru vatnaliljusyrpum Monets í kjallara Appelsínugeymslunnar (l'Orangerie) gegn Impressionistasafninu í París.


Myndir Nínu skortir þó alla dýpt og íhygli sem einkenna svo mjög svanasöng Monets, enda eru þær ekki sprottnar millilíðalaust af athugun náttúrunnar. En þær eru skemmtilegar tilvitnanir, byggðar á fölskvalausri aðdáun á meistara blæbrigðanna og sem slíkar koma þær sýningargestum á sporið varðandi inntakið í sýningunni. Það er nefnilega eilífðarvandamál myndlistarinnar hvernig túlka beri stöðuga grósku sjálfrar náttúrunnar; framvinduna sem nemur hvergi staðar svo listamaðurinn fái tækifæri til að átta sig á henni.

Nína virðist hafa áttað sig á kjarnanum í Monet og endimörkum impressionismans. Hún skilur það sem máli skiptir varðandi listamanninn; nefnilega það að Monet var alltaf að túlka hina hegelísku díalektík eins og hún birtist í náttúrunni. Fyrir vikið varð hann að fórna myndefninu, þrengja sjónarhorn sitt og blása út þá smáveröld sem hann beindi kröftum sínum að.

Og Nína dregur sínar ályktanir af meistaranum og brúkar til að ná ásýnd hreyfiafls náttúrunnar. Í bestu verkunum tekst henni vel til og maður finnur fyrir vatni og vindum sem næða um fjöll og dali. En stundum er eins og litirnir fari úr böndum og þá falla töfrarnir. Þrátt fyrir það er heildin góð og hressileg og þar með hefur Nínu tekist enn einu sinni að koma okkur á óvart.

Fíflafleytan

Sjónvarpsmynd um Louisu Matthíasdóttur



Lovísa Matthíasdóttir.

Ekki kunni ég að meta það fyrirtæki sem birtist mér á skjánum á miðvikudaginn undir heitinu „Kvöldstund með Louisu Matthíasdóttur". Ég er heldur ekki í vafa um að það voru fleiri sem létu sér fátt um finnast. Eða hvers vegna halda menn að listakonan sjálf hafi setið hnarreist og tignarleg frammi fyrir sjónvarpsvélunum án þess að mæla orð af vörum?

Ég lái henni ekki að hún skyldi kjósa þögnina fremur en ýta undir þau loddarabrögð sem höfð voru í frammi til að lyfta henni á stall, helst að láta hana fljúga upp til himna eins og heilaga Teresu forðum. Louisa virðist vera vönduð manneskja og sem listamaður er hún varkár og hlédræg. Hún á því betra skilið en þennan dilettantaflokk sem gerði endalausar tilraunir til að bjaga og brengla sannleikann um list hennar. Sjálf veit hún bersýnilega hvar hún stendur og þ.a.l. þarf hún enga munnræpu sem meðmæli með verkum sínum.

Að vísu undanskil ég kollega minn *Aðalstein Ingólfsson.* Hann sagði fátt og ekkert áberandi heimskulegt, enda var ekki miklu púðri eytt í hann. Ef til vill hefur hann ekki þótt nógu leiðitamur. Eins fyrirgef ég *Matthíasi Johannessen* þennan endalausa spuna sem tók lungann úr myndinni. Þótt allt hans bróderí segði manni hreint ekki neitt, sannaði það eitt að Matthías er drengur góður og frændrækinn. Hann vildi m.ö.o. ekki liggja á liði sínu til að gera veg uppáhaldsfrænku sinnar sem mestan.

Hins vegar ollu Ameríkukanarnir mér verulegum vonbrigðum. En hér sannast e.t.v. það sem mér hefur oft verið sagt; að svo langt gangi Bandaríkjamenn í kurteisi sinni að stundum leggi þeir gáfnafar sitt að veði fyrir hana. A.m.k. var ekki mikið að græða á orðsnilli *Hiltons Kramers,* þótt hann reyndi mikið til að staðsetja Louisu einhvers staðar hinum listræna Ólympstindi.

Steininn tók úr þegar á skjánum birtist maður sem ég man ekki hvað hét, en virtist vera forstjóri einhverrar stofnunar sem ég kann ekki að nefna. Í æði minnti hann sterklega á hinu frægu teikningu Picassos af vitfirringnum og í orði á mann sem hefur misst alla stjórn á tungunni. Saga hans um það hvernig hann hafði alltaf langað til að standa í sporum Geirþrúðar Stein („Oh, gee, if only I'd been in Paris in the ol' days"), hefði getað verið hjartnæm ef hún hefði verið smekklegri. En bæði er að Louisa er ekki Picasso og hitt að þótt aumingjans maðurinn hefði látið framkvæma á sér kynskipti og hnúðla sér í tímavél aftur til Parísar aldamótanna, hefði hann aldrei getað uppgötvað nokkurn skapaðan hlut.

Það sem á eftir fór var slíkur vaðall að við lá að mann flökraði. Fyrir manninum virtist ekkert í sýningarsölum New York-borgar fimmeyringsvirði, utan Louisa og maður hennar Leland Bell. Við hliðina á þeim var *Wilhelm de Kooning,* einn mikilhæfasti listamaður eftirstríðsáranna, einskis nýt tískubóla. Hafi farið um Louisu, þennan fyrrverandi nemanda meistara Hoffmanns, kollega de Koonings, þá hlýtur það að hafa verið að loknu þessu endemisbulli. Enda herpti listakonan saman varirnar og pírði augun í þögulli reisn sinni. Samt var sem maður gæti lesið hugsanir hennar: „Á hvers lags fíflafleytu er ég eiginlega lent?"

HBR

Enn af Il Trovatore og mannvali í óperunni

Atvikin vildu svo vera láta, að hólfvolgur óperuvinur úr nokkrum fjarska slæddist fyrir hönd blaðsins inn á sýningu á **Il Trovatore,** sem hefur unnið sér hið besta lof eins og blaðalesendur vita. Beint tilefni var það, að sl. miðvikudagskvöld voru þær söngkonur báðar fjarri sviði, sem verið hafa aðaltúlkendur tveggja mikilla kvenhlutverka, þeirra Leonóru sem elskar mikið og sígaunakonunnar Azucenu, sem bæði elskar og hatar.



Það skal tekið fram, að undirritaður hefur ekki heyrt þær Ólöf Kolbrúnu Harðardóttur og Sigríði Ellu Magnúsdóttur fara með þessi hlutverk tvö. Hann þarf því ekki að velkjast í samanburðarvanda.

Elísabet F Eiríksdóttir gerði margt einkar fallega í hlutverki Leónóru, en skorti þó framan af öryggi, á þeirri sýningu sem hér er um getið að minnsta kosti, eitthvað vantaði stundum á styrk og fylgni, ekki síst þegar staðið er í ýmsum stórræðum á sviðinu. En í seinni hlutanum hafði Elísabet mjög sótt í sig veðrið og fór með góðan sigur í túlkun sinni á von og angist og ást Leónóru í þeim fræga fjórða þætti, sem mér hefur jafnan fundist einhver besta málsvörn fyrir óperulist og gott að vitna til hvenær sem illgjarnir menn hafa upp sitt svartagallsraus.

Hrönn Hafliðadóttir söng hlutverk sígaunakonunnar og er þar skemmst frá að segja að hún féll afar vel að tilætlunarsemi um „músíkdrama". Hún var í söng og leik einstaklega vel virk, jafnvíg á þá ógn og skelfingu sem frá segir í upprifjuninni í „Þeir leiddu hana í fjötrum" og angurværa ljóðrænu í dauðans návist í lokaatriðinu: „Við munum snúa aftur til fjallanna okkar..."

Þetta áttu ekki að vera annað en nokkrir fátæklegir leikmannsþankar. Og má sú niðurstaða fylgja, að frammistaða þeirra Hrannar og Elísabetar sé prýðileg og ánægjuleg staðfesting á furðu styrkri stöðu óperunnar hér og nú, á því að það er veruleg breidd í þeim liðskosti sem hún ræður yfir.

–ÁB